

Menntaskólinn á Akureyri

Ytra mat 2017



Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti
Védís Grönvold og Þórir Ólafsson

Ytra mat á starfsemi Menntaskólans á Akureyri 2017
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Védís Grönvold
Þórir Ólafsson
Forsíðumynd tók Þórir Ólafsson
ISBN 978-9979-0-2115-5

Heildarniðurstöður

Menntaskólinn á Akureyri (MA) er bóknámsskóli með bekkjakerfi sem byggir á ríkri menntahefð. Nemendur hans koma víða að og stór heimavist setur sterkan svip á starfseminu.

Metnaðarfull skólasýn MA hefur mótast á löngum tíma í samstarfi þeirra sem að skólastarfinu koma. Skólasýnin er miðlæg í öllu starfi skólans. Umgjörð skólastarfsins, skólanámskrá og regluverki eru gerð skil á vel skipulögðum vef MA.

MA hefur á að skipa vel menntuðum kennurum. Í kennarahópnum er að finna heppilega blöndu mjög reyndra kennara og annarra sem eru að hefja kennsluferil að nýloknu námi.

Skólameistari og yfirstjórn skólans njóta almenns trausts. Verksvið eru vel skilgreind og tengslum yfirstjórnar og faglegs starfs vel fyrir komið.

Skipulag námsbrauta er vel ígrundað og fellur að áherslum aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011. Lenging skóladags í kjölfar styttingar námstíma vekur þó spurningar.

Markvisst hefur verið unnið að aukinni fjölbreytni kennsluhátta og námsmats með vaxandi áherslu á símat. Agi og regla einkenna skólastarfið þótt vinnufriður í vissum tilvikum gæti verið betri.

Skólinn á áætlun um fjölbreytt sjálfsmat til ársins 2019. Nemendur geta reglulega tjáð sig um framkvæmd kennslunnar. Umbótatillögur eru gerðar á grundvelli sjálfsmatsins.

Stúlkur eru umtalsvert fleiri í MA en piltar. Nemendur velja fremur nám tengt samfélagsgreinum og tungumálum en raungreinum.

Vel er tekið á móti nýjum nemendum í MA. Nemendum líður almennt vel í skólanum og þeim er sýnd tillitssemi, virðing og traust. Umhyggja fyrir nemendum og námi þeirra birtist með ýmsum hætti. Brotthvarf nemenda er hins vegar meira en skólanum þykir ásættanlegt.

Foreldrafélag MA er öflugt og lætur sig skólastarfið miklu varða. Stjórn skólans telur starf foreldrafélagsins mikilvægt fyrir skólann og leggur sig fram um að styðja það. Viðvarandi verkefni er þó að auka almenna virkni foreldra og tengsl þeirra við skólann t.d. með markvissri upplýsingagjöf.

Félagslíf nemenda í MA byggir á traustri hefð, er einstaklega öflugt og þátttaka almenn. Skólayfirvöld styðja félagslífið með ráðum og dáð og aðstaða til félagsstarfa í skólanum er fyrsta flokks. Nemendur hafa greiðan aðgang að skólahúsnæðinu og meta það mikils.

Aðstaða til kennslu og annars skólastarfs í MA er góð, tölvukerfi öflugt og bókasafn vel búið og miðlægt í skólanum með góðri vinnuástöðu fyrir nemendur. Kennslu- og vinnusvæði slitna talsvert í sundur vegna staðsetningar í nokkrum húsum og getur það dregið úr samskiptum milli kennara.

Húsnæði MA er einstaklega vistlegt, vel um gengið og snyrtilegt. Sérstakt er hve mikið er af listaverkum á veggjum skólans.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður.....	2
Inngangur	4
Menntaskólinn á Akureyri	5
Nemendur og nám	5
Árlegur starfstími	8
Kennarar og annað starfsfólk.....	9
Niðurstöður ytra mats.....	11
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	12
1.1. Um stefnu og áætlanir.....	12
1.2. Um stjórnendur	12
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	13
1.4. Um innra mat.....	13
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	14
2.1. Um nám og kennslu	14
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur	15
2.3. Um námsmat	15
2.4. Um kennara	15
2.5. Um námsgögn.....	16
Þáttur 3: Samskipti og líðan	17
3.1. Um skólabrag.....	17
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	17
3.3. Um félagslíf nemenda.....	18
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn.....	18
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	18
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	19
Þáttur 5: Lykilárangur	20
5.1. Um námsárangur	20
5.2. Um árangur í grunnþáttum	20
5.3. Um langtímaárangur	21
Viðaukar – Greinargerð matsmanna	22
Umfjöllun um stjórnun og skipulag.....	22
Umfjöllun um kennslu og námsframboð	25
Umfjöllun um samskipti og líðan	28
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað	31
Umfjöllun um lykilárangur	33
Heimildir og tilvísanir	35

Inngangur

Í skýrslu þessari er fjallað um ytra mat á starfsemi Menntaskólans á Akureyri sem fram fór á vorönn 2017. Matið er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið. Stofnunin réð Védísi Grönvold og Þóri Ólafsson sem matsmenn og eru þau jafnframt höfundar þessarar skýrslu. Þau hófu vinnu við matið í lok janúar 2017.

Skýrslan hefst á tölulegum upplýsingum um starfsemi skólans. Í öðrum hluta er matslisti þar sem sjá má niðurstöður bæði skólans og matsmanna. Aftan við matslistana eru viðaukar þar sem finna má rök fyrir svörum matsmanna við spurningum í matslistum. Aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá þar sem gerð er grein fyrir þeim gögnum sem matsmenn studdust við.

Í desember 2016 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf um fyrirhugað ytra mat og var honum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggist m.a. á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sett. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins. Þannig er ytra matinu að hluta til ætlað að sannreyna hvort niðurstöður skólans eigi við rök að styðjast.

Helstu gögn sem matsmenn nýttu við ytra matið voru:

- **Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna.** Þar má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, fjarvistir nemenda og brotthvarf, forfallakennslu, brautskráningar, samninga og skýrslur.
- **Vefur skólans (www.ma.is).** Á vefinn voru sótt ýmis gögn er varða sýn skólans og stefnu, skipulag náms og starfshætti.
- **Vettvangsheimsóknir.** Matsmenn gengu um skólann á kennslutíma.
- **Aðstaða skólans skoðuð.** Litið var við í kennslustundum og rætt við nemendur og kennara.
- **Umræður í rýnihópum og samtöl við einstaklinga.** Valið var í rýnihópa nemenda, kennara og starfsmanna með stýrðu slembivali. Skólinn sá um að boða viðmælendur. Rætt var við hóp stjórnenda (skólameistara, aðstoðarskólameistara og brautarstjóra), tvo hópa kennara, tvo hópa annarra starfsmanna, tvo hópa nemenda, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa úr stjórn foreldrafélags og formann skólanefndar. Viðmælendur voru liðlega 50 og fóru bæði umræður rýnihópa og samtöl við einstaklinga fram í mars 2017.

Á grundvelli þessa fór fram greining gagna. Matsmenn gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir niðurstöðum má sjá í viðaukum skýrslunnar.

Matsmenn þakka öllum sem lögðu þeim lið við ytra mat á Menntaskólanum á Akureyri. Margir komu að matinu og aðstoðuðu með ýmsum hætti svo sem við skipulagningu, boðun í viðtöl, með því að veita viðtöl eða taka þátt í starfi rýnihópa auk þess að leggja til margvísleg gögn og upplýsingar.

Menntaskólinn á Akureyri

Menntaskólinn á Akureyri (MA) á rætur að rekja til Gagnfræðaskólans á Akureyri sem árið 1924 hóf kennslu stúdenta er brautskráðir voru frá Menntaskólanum í Reykjavík að námi loknu. Árið 1930 voru sett sérstök lög á Alþingi um Menntaskólann á Akureyri sem varð þar með fyrsti skólinn utan Reykjavíkur með heimild til að brautskrá stúdenta.

Menntaskólinn á Akureyri starfar nú á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008 og aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011. Í gildandi skólasamningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og MA segir: „Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli sem byggir á fornri hefð en leitast við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi. Stúdentar úr MA eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni. Árangur þeirra hefur sýnt að skólinn stendur undir væntingum.“

Skólinn hefur frá upphafi þjónað nemendum frá öllum landshornum og hefur starfræksla stórrar heimavistar verði veigamikill þáttur í því verkefni. Nú eru um 200 af rúmlega 700 nemendum MA á heimavist. Þrátt fyrir að framhaldsskólum hafi fjölgað mikið síðan MA var stofnaður á hann enn fulltrúa allra landshluta í nemendahópnum. Þannig stunda t.d. 60 nemendur af Vestfjörðum og Norðurlandi-vestra nám í MA og 41 nemandi af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Flestir koma nemendurnir af Norðurlandi-eystra eða 593 og þar af eru 512 búsettir á Akureyri.

MA stendur við Eyrarlandsveg, miðlægt á Akureyri. Gamla skólahúsið sem reist var fyrir gagnfræðaskólann árið 1904 setur sterkan svip á skólasvæðið þar sem nýrri hús skólans hafa verið reist og mynda heildstæða umgjörð um starfsemi skólans.

Menntaskólinn á Akureyri hefur alltaf verið bekkjaskóli en náminu lengi verið skipt í áfanga. Bekkirnir og heimavistin eru oft nefnd til sem grundvöllur að samheldni í skólasamfélagi MA. Um 8000 stúdentar hafa verið brautskráðir frá Menntaskólanum á Akureyri og er eftirtektarvert hve mikla tryggð þeir sýna sínum gamla skóla.

Nemendur og nám

Eins og fram hefur komið er Menntaskólinn á Akureyri bóknámsskóli sem býður upp á nám til stúdentsprófs. Skólinn hefur skilgreint allt nám sitt með hliðsjón af námskrá framhaldsskóla frá 2011. Lögð hefur verið áhersla á að skipuleggja inntak nýrra námsbrauta frá grunni með nýjar áherslur aðalnámskrár að leiðarljósi. Stúdentspróf frá MA verður miðað við 200 f-einingar og mun skólinn bjóða nemendum að velja leiðir til námsloka eftir þrjú, þrjú og hálf eða fjögur ár. Innritun á hinar nýju námsbrautir hófst á haustönn 2016. Við skólann stundar hluti nemenda því enn nám skv. eldri námskrá sem verður aflögð er þeir ljúka námi. Hliðstætt nám er því tímabundið kennt samkvæmt ólíkum kerfum með aukinni fyrirhöfn og álagi á skólastarfið.

Námsbrautir

Eftirfarandi námsbrautir eru í boði við Menntaskólann á Akureyri:

Almenn námsbraut, hraðlína: Brautin er ætluð nemendum sem lokið hafa 9. bekk grunnskóla en tekið er inn á brautina samkvæmt skýrum skilyrðum um námsárangur auk fleiri viðmiðunarþátta. Á fyrsta námsári ljúka nemendur reglulegu námi fyrsta bekkjar en að því loknu ganga þeir til áframhaldandi náms eins og aðrir nemendur í fyrsta bekk. Nemendur á hraðlínu fá heimanámstíma, stuðning og aðhald svo þeir aðlagist námi og lífi í MA sem best. Með þessu ná nemendur brautarinnar að takast á við krefjandi verkefni og flýta námi sínu til stúdentsprófs um eitt ár.

Á eftirfarandi brautir eru jafnan innritaðir nemendur sem lokið hafa 10. bekk grunnskóla. Allar krefjast þær 200 eininga. Í sameiginlegum kjarna (alls 88 einingar) eru danska, enska, íslenska, líffræði, lífstíll og heilbrigði, menningarlausni, náttúrulæsi, náms- og starfsval, saga, siðfræði og þriðja mál. Í brautarkjarna (78-83 einingar) eru sérgreinar brautanna. Frjálst val er á bilinu 36 til 44 einingar.

Félagsgreinabraut: Brautinni er ætlað að veita almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í félagsgreinum. Einkennisgreinar brautarinnar eru einkum félagsfræði, fjölmiðlafræði, heimspeki, saga, sálfræði, stjórnmálafræði og uppeldisfræði.

Mál- og menningarbraut: Brautinni er ætlað að veita góðan almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í tungumálum og öðrum hugvísindum. Einkennisgreinar brautarinnar eru einkum erlend tungumál, íslenska, saga, menning og miðlun.

Náttúrufræðibraut: Brautinni er ætlað að veita góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í raungreinum og heilbrigðisgreinum. Mikið svigrúm er til sérhæfingar í vali á brautinni. Einkennisgreinar brautarinnar eru einkum eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði og stærðfræði.

Raungreinabraut: Brautinni er ætlað að veita góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í raungreinum og heilbrigðisgreinum. Mikið svigrúm er til sérhæfingar í vali á brautinni. Einkennisgreinar brautarinnar eru einkum eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði og stærðfræði.

Þær eldri námsbrautir/svið sem eru starfræktar þar til síðustu nemendur á þeim hafa lokið námi eru; tungumála- og félagsgreinasvið, raungreinasvið og tónlistarsvið.

Á töflu 1 má sjá skiptingu nemenda á námsbrautir eftir kyni. Þar má sjá að stúlkur eru liðlega 60% nemenda og piltar tæplega 40% en ekki er mikill munur á námsvali eftir kyni.

Tafla 1. Fjöldi nemenda í MA eftir námsbrautum og kyni 2016 haust

Námsbrautir	kk	kvk
Almenn námsbraut hraðlína	3	15
Listnámsbraut tónlist		2
Tungumála- og félagsgreinasvið	113	196
Raungreinasvið	83	110
Félagsgreinabraut	28	56
Mála- og menningarbraut	10	19
Náttúrufræðibraut	34	43
Raungreinabraut	17	13
Alls	288	454

Námshópar

Þó svo að í MA sé bekkjakerfi þá er sveigjanleiki nýttur með ýmsu móti t.d. í þverfaglegum greinum og með kennslu í stærri hópum. Meðalstærð námshópa í MA var 23,3 nemendur á vorönn 2016 og 23,7 nemendur á haustönn sama ár.

Skólinn kemur til móts við nemendur sem eru með greiningu vegna sértækra námsörðugleika t.d. með stuðningi við próftöku, námsráðgjöf, greiningu og sérstökum úrræðum. Sérhæfð aðstoð í námi er samt takmörkuð í MA enda má ætla að þeir sem sækja þar um nám og fá skólavist geri það á forsendum þekkra námskrafna sem skólinn gerir.

Nemendafjöldi og aðsókn

Nemendur í MA á haustönn 2016 voru alls 742 sem er mjög nærri meðaltali nemendafjölda á haustönn frá 2012. Alls bárust 234 umsóknir um skólavist á haustönn 2016 sem er það mesta síðastliðin fimm ár. Aðsókn að skólanum hefur þó verið að mestu stöðug á þeim tíma eins og sjá má í töflu 2. Stúlkur eru á tímabilinu fleiri í hópi umsækjenda og jafnframt talsvert fleiri í skólanum en piltar eins og fyrr var rakið.

Tafla 2. Fjöldi umsókna 2012-2016

Ár	Karlar	Konur	Alls
2012	82	135	217
2013	81	136	217
2014	84	149	233
2015	91	112	203
2016	92	142	234

Aldursbil nemenda endurspeglar skipulag fjögurra ára bekkjaskóla að því leyti að á haustönn 2016 voru innan við tugur nemenda fæddur fyrir árið 1997. Hins vegar voru þá 23 nemendur á „grunnskólaaldri“ í MA vegna hraðlínunnar sem fyrr var nefnd.

Brautskráningar

Í töflu 3 má sjá fjölda brautskráðra nemenda frá Menntaskólanum á Akureyri eftir námssviðum og brautum árin 2012 til 2016. Alls voru þeir 787 á tímabilinu. Liðlega 30% brautskrást með raungreinar sem sérsvið og tæplega 70% með félagsgreinar og tungumál sem sérsvið.

Tafla 3. Fjöldi brautskráðra nemenda frá MA eftir námsbrautum 2012-2016

Svið	2012*	2013*	2014	2015	2016	Alls
Tungumála- og félagsgreinasvið, félagsfræðikjörsvið	87	80	57	29	49	302
Tungumála- og félagsgreinasvið, sálfræði- og uppeldisfræðikjörsvið			32	35	10	77
Tungumála- og félagsgreinasvið tungumálakjörsvið	17	18	30	37	31	133
Raungreinasvið, stærðfræði/eðlisfræðikjörsvið	9	14	9	11	10	53
Raungreinasvið, heilbrigðiskjörsvið			35	39	39	113
Raungreinasvið, náttúrufræðikjörsvið	34	41	14		13	102
Tónlistarsvið með tungumála og félagsgreinaáherslu	1	1	1	1	1	5
Tónlistarsvið með raungreinaáherslu			1	1		2
Samtals	148	154	179	153	153	787
*2012 og 2013: Brautskráðir með eldri námsbrautarheitum eru hér flokkaðir með skyldum sviðum.						

Árlegur starfstími

Skólaárið í MA er skipulagt með nokkuð öðrum hætti en gengur og gerist í öðrum framhaldsskólum. Haustönn hefst u.þ.b. tveimur vikum seinna en í öðrum skólum en vorönn lýkur hins vegar ekki fyrr en um miðjan júní. Skólustarf á haustönn 2016 hófst með skólasetningu 8. september og eru skólaslit dagsett 17. júní 2017. Ákveðið hefur verið að breyta skólaárinu í MA í átt til þess sem er í öðrum skólum en ekki er ljóst hvort eða hvenær það verður gert að fullu. Samkvæmt almanaki MA fyrir skólaárið 2016-2017 eru skóladagar alls 179, 150 kennsludagar og 29 námsmatsdagar.

Skólasókn nemenda í MA er mjög góð. Fjarvistir án skráðrar ástæðu (skróp) voru 4% á haustönn 2016. Hefð er fyrir því í skólanum að kennarar taka að sér kennslu í forföllum samkennara. Tapaðar kennslustundir vegna forfalla í MA eru því hverfandi, voru skráðar 311 á haustönn 2016 samkvæmt gögnum skólans. Það er aðeins 0,1% af öllum kenndum stundum annarinnar en skólinn gerir fyrirvara um áreiðanleika skráningar forfalla.

Kennarar og annað starfsfólk

Starfsmenn MA voru alls 81 á vorönn 2017 í 66 stöðugildum. Konur voru talsvert fjölmennari í starfsmannahópnum í heild en kynjahlutfall er nánast jafnt ef eingöngu er litið til kennaranna eins og sjá má í töflu 4. Yfirstjórn skólans er skipuð skólameistara, aðstoðarskólameistara og tveimur brautarstjórum í alls tæplega fjórum stöðugildum. Við MA starfa tveir náms- og starfsráðgjafar, tveir bókaverðir, sálfræðingur auk starfsmanna við ýmis sérhæfð störf. Starfsmannavelta í MA er mjög lítil eða 6% síðastliðin fimm ár ef frá eru taldir þeir sem hætt hafa störfum vegna aldurs. Að þeim meðtöldum var starfsmannaveltan 9,5% á sama tíma.

Tafla 4. Starfsfólk MA á vorönn 2016

Starfsheiti	Karlur		Konur	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Skólameistari	1	1		
Aðstoðarskólameistari			1	1
Áfangastjóri			2	1,75
Fjármálastjóri			1	1
Framhaldsskólakennari/-ar	26	22	30	24,31
Þjónustustjóri tölvudeildar	1	1		
Náms- og starfsráðgjafi	1	1	1	0,8
Bókavörður			2	1,5
Sálfræðingur			1	1
Skrifstofustjóri			1	1
Umsjónarmaður fasteigna	2	2		
Ræstitæknir/-ar			8	4,9
Matráður			1	0,58
Kórstjóri	1	0,34		
Skólaritari			1	0,8
Samtals	32	27,34	49	38,64

Meðalaldur kennara er 43,8 ár, tæpum 10 árum lægra en meðalaldur framhaldsskólakennara á Íslandi. Í MA hafa 43% kennara lokið meistara- eða doktorsprófi í fræðigrein. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um menntun kennara sl. sex ár.

Tafla 5. Menntun kennara í MA á vorönn 2016

Menntun	2017V	2016V	2015V	2014V	2013V	2012V
PhD auk kennsluréttinda	1	1	1	1	1	1
MA/MS/M.Ed. -próf auk kennsluréttinda	27	25	25	23	21	23
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	25	23	25	27	28	28
Önnur menntun auk kennsluréttunda	4	5	6	5	5	5
Háskólapróf án kennsluréttinda	8	2	0	0	0	1
Önnur menntun án kennsluréttinda						
Kennarar alls	65	56	57	56	55	58

Átta kennarar MA eru án kennsluréttinda á vorönn 2017 sem er óvenjulegt borið saman við fyrri ár. Skýringin er tilfallandi þörf fyrir ráðningu nýrra kennara sem myndaðist vegna forfalla, breyttrar áherslu í nýrri námskrá skólans auk fjölgunar kennara. Auglýsingar skiluðu ekki nægilega mörgum réttindakennurum svo ráðnir voru leiðbeinendur með sérmenntun í viðkomandi kennslugreinum til tímabundinnar kennslu. Eins og fram kemur í töflu 5 þá náði fjöldi leiðbeinenda ekki einum á ári að meðaltali á tímabilinu 2012-2016.

Niðurstöður ytra mats

Mennta- og menningarmálaráðuneyti skilgreinir og gefur út leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum fyrir matsmenn. Þar er að finna ákvæði um gögn og aðferðarfræði matsins, einkunnagjöf og frágang matsskýrslu. Einnig eru þar settir fram fimm þættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólstarfs. Matsþættirnir eru:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Greindir eru styrkleikar og veikleikar hvers þáttar í skólstarfinu og einkunnir gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt. Vísbendingar sem metnar eru til einkunna eru alls 78. Við matið skal taka mið af eftirfarandi fjögurra bila kvarða:

(A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár

(B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá

(C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta

(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skóli hefur sjálfur í aðdraganda ytra mats metið stöðu sína með sömu viðmiðum og vísbendingum og matsmenn nota. Ytra matinu er að hluta ætlað að sannreyna sjálfsmat skólans. Niðurstöður eru settar fram á þann hátt að mat skólans er merkt „S“ og ytra mat matsmanna er merkt „M“. Þegar aðilar eru sammála um matið er „SM“ skráð í viðkomandi reit.

Matsmenn leggja ekki mat á fullyrðingar númer 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76 og 77 en í viðauka er gerð grein fyrir því. Fullyrðing númer 30 á ekki við í MA.

Páttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólafestefnu.	SM			
2. Stefna skólans endurspeglar í öllum starfsháttum hans.	M	S		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		SM		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	SM			
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	M	S		

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.		S M		
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	M	S		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	M	S		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		S M		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	M	S		

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.		M	S	
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		SM		

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.		SM		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.		SM		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	S	M		
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.		SM		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.		SM		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.		SM		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		SM		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		SM		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.		SM		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	M	S		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		SM		

2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.		SM		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.				

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólustarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.		SM		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		SM		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		SM		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		SM		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.	S	M		

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		SM		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	S	M		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		SM		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	SM			
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	M	S		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.		SM		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	SM			

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		SM		

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	SM			
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	S	M		
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	SM			

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæmingum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	M	S		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		SM		
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		SM		

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbindingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	SM			
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttastaðstöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	SM			
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuáðstöðu í húsnæði skólans.	SM			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	SM			

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		SM		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	S			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	S			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	S			
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	S			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	S			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		S		

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrirverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.		SM		
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	SM			
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundavallar við ytra mat á Menntaskólanum á Akureyri vorið 2017. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólastarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í ramma í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Menntaskólinn á Akureyri starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna. Framtíðarsýn og stefna skólans er skýr. MA leitast við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi. Stúdentar frá skólanum eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er, hvar sem er. Einkunnarorð skólans eru virðing, víðsýni og árangur. Áberandi er hve mikil áherslu er lögð á að sýn skólans sé sýnileg og höfð að leiðarljósi. Fyrsta flýtleið á vef skólans vísar á skólasýnina og í hverri einustu kennslustofu er innrammað skjal þar sem skólasýn MA blasir við svohljóðandi:

1. Skólastarfið þroskar víðsýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð.
2. Nemendur MA bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu.
3. Skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og eflir trú þeirra á eigin getu.
4. Nemendur tileinka sér öguð og sjálfsæð vinnubrögð.
5. Allir nemendur gera sitt besta og þroska fjölbætta eiginleika sína.
6. Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólastarfinu.
7. Skólastarfið eflir málvitund nemenda.
8. Í skólastarfinu er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund, menningar- og náttúrulæsi.
9. Skólinn leggur rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.
10. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðferðir við námsmat einnig.

Skólasýn MA hefur mótast og breyst í umræðum um innra starf skólans á löngum tíma. Víðtækt samráð hefur verið haft um mótun hennar. Málafni skólans og stefna eru rædd reglulega á starfsmannafundum sem haldnir eru í skólanum á hverri önn og nefnast húsping og þorrastefna. Umræðu um skólasýnina er því haldið gangandi og á hana minnt reglulega t.d. á fundum starfsmanna þar sem þeir eru hvattir til umræðu um inntakið. Einnig eru nemendur boðaðir til almennra funda um tiltekin málafni sem varða skólavist þeirra. Þannig er lögð áhersla á að skólasýnin sé leiðarljós í daglegu starfi skólans. Í samtölum við

starfsmenn skólans og nemendur kemur skýrt fram að skólasýn MA er yfirlýsing sem rímar vel við upplifun þeirra af starfi og skólabrag. Skólasýnin endurspeglast þannig í daglegu starfi Menntaskólans á Akureyri.

Skólavefur MA er mjög vel skipulagður, reglulega uppfærður og upplýsandi. Hann gegnir hlutverki skólanámskrár en þar er að finna öll atriði sem krafist er að til staðar séu í skólanámskrá framhaldsskóla. Auk hefðbundins efnis sem krafist er að finnist í skólanámskrá er vefur MA lifandi fréttaveita þar sem viðburðum í skólastarfinu eru gerð skil. Á vefnum er að finna ýmis gögn og kynningarefni um skólann og hagnýtar upplýsingar um skipulag og þjónustu skólans, ráðgjöf og heimavist. Foreldrafélag MA á sitt svæði á vefnum, þar er textasmíðja með ýmsu hagnýtu stuðningsefni fyrir nemendur, listaverk mánaðarins, matseðil vikunnar og félagslíf nemenda svo fátt eitt sé nefnt.

Í skólasamningi MA og mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir árin 2015 til 2019 er sérstakur viðauki um markmið sem skólinn vinnur að á tímabilinu. Þau snúa m.a. að skipulagningu þriggja ára skóla og að vinnu gegn brotthvarfi.

Mikil vinna hefur verið lögð í að móta kennsluna í MA með hliðsjón af kröfum aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011 og breyttum ramma sem krafa um þriggja ára námstíma til stúdentsprófs setur. Skólinn hefur lagt faglegan metnað í að endurskipuleggja námið frá grunni á nýjum forsendum í samræmi við nýja umgjörð. Horft hefur verið til nýjunga í inntaki og skipulagi náms en ekki eingöngu að fella eldra inntak að nýjum ramma. Skólinn hefur lagt áherslu á að grunnþættir menntunar séu áberandi og hafðir að leiðarljósi í skólastarfinu. Nýir áfangar sem leggja áherslu á læsi í víðum skilningi svo sem í menningar- og náttúrulæsi hafa verið skipulagðir og kenndir á öllum námsbrautum. Áfangar í siðfræði, um náms- og starfsval svo og lífstíl og heilbrigði eru í kjarna allra brauta. Á vef MA er kafli um inntak allra grunnþátta aðalnámskrár framhaldsskóla og hvernig skólinn nálgast þá í kennslu og öðru skólastarfi.

Markmiði skólasamnings um að draga úr brotthvarfi hefur verið mætt með því að styrkja forvarnastarf í skólanum. Í því skyni var ráðinn sálfræðingur til starfa í skólanum og forvarnateymi komið á laggirnar.

Að lögum ber framhaldsskólum að meta með formlegum hætti eigin starfsemi meðal annars til að auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Meta ber árangur skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra þar sem það á við. Sjálfsmat MA er í höndum gæðaráðs (áður sjálfsmatsnefndar) og má sjá áætlun um tímasetningu einstakra matsþátta á vef skólans. Markmið matsins er að tryggja góða yfirsýn yfir skólastarfið með fjölbreyttum matsaðferðum og aðkomu sem flestra að sjálfsmatinu. Matsþættir eru fjölbreyttir; áfangakannanir, hlýtt á nemendur, hlýtt á starfsfólk og foreldrakönnun. Matssvið eru nám, kennsla, stjórnun og þjónusta. Niðurstöður mats eru birtar í skýrslum sjálfsmatsnefndar og má sjá þær á vef skólans allt frá árinu 2002. Sjálfsmatsnefnd skilar tillögum til skólayfirvald um úrbætur á grundvelli niðurstaðna sjálfsmatsins. Kennslukannanir í völdum áföngum eru gerðar á hverri önn. Þegar niðurstöður þeirra liggja fyrir eru þær sendar kennurum og ræddar við þá eftir því sem tilefni gefast. Niðurstöður sjálfsmatsins eru einnig teknar fyrir í starfsmannasamtölum sem reyndar ná því ekki að fara fram með öllum starfsmönnum árlega. Unnið er að endurskoðun verklags við innra mat í MA. Endurskoðunin byggir á því að skilgreina verkferla í skólastarfinu nákvæmar en gert hefur verið og í anda þess sem tíðkast í vottuðum gæðakerfum.

MA birtir ekki eiginlegt skipurit um skiptingu starfa í skólanum. Hins vegar má sjá á vef skólans hvernig stjórn skólans er fyrir komið. Þar segir: „Við Menntaskólann á Akureyri starfar skólanefnd skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn og hefur með að gera stefnumótun og áætlanagerð skólans. Einnig er við skólann skólaráð skipað stjórnendum, kennurum og nemendum og fjallar um innri stjórn skólans.“ Í framhaldi koma greinargóðar starfslýsingar skólameistara og aðstoðarskólameistara og tveggja brautarstjóra. Af lýsingunum má vel ráða í fyrirkomulag stjórnunar í MA, bæði yfirstjórnar skólans og hinnar faglegu. Verkaskipting er skýrt afmörkuð og faglegri stjórn vel fyrir komið. Tengsl og flæði milli einstakra þátta í stjórn skólans eru ljós. Það fékk samhljóm í samtölum við starfsmenn og nemendur að skipulag á stjórn skólans er skýrt og mönnum ljóst hvert skal leita með erindi sem að henni snúa. Greitt aðgengi er að stjórnendum og samskipti við þá jákvæð. Skólameistari og aðstoðarskólameistari fá mjög góðar umsagnir sem yfirstjórnendur skólans. Þau vinni vel saman og myndi sterkt teymi ekki ósvipað og framkvæmdastjóri og þjálfari hjá góðu knattspyrnuliði eins og orðað var svo myndrænt í einum umræðuhópnum. Skólameistari er sagður mjög metnaðarfullur fyrir hönd skólans og vilji veg hans sem mestan. Stjórnunarhættir eru almennt lýðræðislegir og til að mynda stjórnar kennari kennarafundum þar sem allir fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Eftirtektarvert þótti matmönnum á ferð þeirra með skólameistara um skólann hve samskipti hans við nemendur eru opin og vinsamleg og bera vott um gagnkvæma virðingu.

Styrkleikar

- Hefðir og stjórnfesti.
- Metnaðarfull skólasýn sem mótast hefur í víðtæku samráði á löngum tíma.
- Áhersla á að stefna skólans sé sýnileg í daglegu starfi.
- Reglulegar umræður um stefnu skólans.
- Tekið er mið af sjónarmiðum nemenda.
- Stjórnendur njóta trausts og verkaskipting er skýr.
- Vefur skólans er vel skipulagður og upplýsandi um skólastarfið.

Tækifæri til umbóta

- Skýra þarf verkferla betur.
- Tryggja þarf að verkferlum sé fylgt.
- Birt skipurit gæti auðveldað yfirsýn yfir skipulag og tengsl starfa.
- Starfsmannasamtöl fari fram reglubundið.
- Unnið verði úr niðurstöðum sjálfsmats með markvissari hætti.
- Mat á líðan nemenda verði liður í sjálfsmatsáætlun skólans.

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Menntaskólinn á Akureyri á sér ríka hefð sem menntastofnun. Sýn á markmið menntunarinnar er skörp, að undirbúa stúdenta sem best undir nám á háskólastigi. MA hefur á að skipa vel menntuðum kennurum. Í kennarahópnum er að finna blöndu af reynslumiklum kennurum og öðrum sem nýlega hafa lokið sérnámi sínu.

Kennarahópurinn í MA hefur á undangengnum árum unnið mikið starf við að endurskipuleggja námið frá grunni og nú síðast á nýjum forsendum sem lagðar voru í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 og ákvörðun um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Þar hefur m.a. verið horft til nýjunga í inntaki og skipulagi náms en ekki eingöngu að fella eldra inntak að nýjum tímaramma. Þar hefur verið tekið mið af áherslu á að grunnþættir menntunar séu áberandi og hafðir að leiðarljósi í námi og kennslu. Nýir áfangar sem leggja áherslu á þverfaglegt efni hafa verið skipulagðir og kenndir á öllum námsbrautum. Í einum kennarahópnum var nefnt að „kúltúr“ væri í MA fyrir nýbreytni.

Sérstaða MA í hópi menntaskóla felst m.a. í sérstöku námstilboði fyrir nemendur sem lokið hafa námi í 9. bekk grunnskóla. Tilhögun námsins hefur orðið til í nánú samstarfi MA við grunnskólana í bænum. Vel hefur verið staðið að undirbúningi námsframboðsins og reynslan sýnir að þeir nemendur sem námið sækja hafa staðið sig vel og aðlagast skólalífinu í MA með ágætum. Námið hefur verið vel kynnt í samstarfi við grunnskólana, ráðgjafa þar og foreldra nemenda. Tryggt hefur verið með því að nemendur innritist ekki í námið á fölskum forsendum. Hraðlínan fyrir 9. bekkina er dæmi um vel þróað tilraunaverkefni í skólastarfi.

Matsmenn völdu af handahófi nokkra námsáfanga á auglýstum námsbrautum og fengu kennsluáætlanir þeirra til skoðunar. Nokkuð virðist um að áfangaheiti á brautum fari ekki saman við heiti á kennsluáætlun. Einnig fundust dæmi um að kennsluáætlanir væru ekki sniðnar að leikni- og hæfnipáttum sem gengið er út frá í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Skólinn þarf að yfirfara verkferla á þessu sviði.

MA hefur ekki sett sér ákveðna stefnu um endurmenntun kennara en styður við hana með hvatningu, afmörkuðum fjárframlögum og tilhlíðrunum í starfi. Fram kom í viðtölum við kennara að lítið framboð væri af endurmenntun í vissum greinum og almennt skorti fjármuni til stærri verkefna á því sviði. Hins vegar kom skýrt fram að hvers konar nýbreytni í kennslu fær stuðning stjórnenda skólans.

Ágætt samstarf er milli kennara skólans og skipulag á faglegum málum einstakra kennslugreina virðist gott. Löng hefð var fyrir samstarfi kennara í framhaldsskólum á Norðurlandi. Það samstarf hefur hins vegar legið

niðri um skeið og mátti heyra á kennurum að þess væri saknað. Nokkuð er um að kennarar einstakra greina haldi enn úti slíku samstarfi við kennara í öðrum framhaldsskólum. Stjórnendur nefndu að umræður um sameiningu skóla á Norðurlandi-eystra hefðu sett viss mál, svo sem kennarasamstarf, í biðstöðu en að þörf væri á að koma því í farveg að nýju.

Í MA er kannað reglulega hvernig nemendum líkar kennslan í einstökum áföngum og veitir það kennurum og stjórnendum mikilvæga endurgjöf á kjarnastarfsemi skólans. Í sjálfsmatsskýrslu 2015-2016 er að finna ýmsar niðurstöður kennslukannana. Áfangakannanir voru þá lagðar fyrir í öllum áföngum í 3. og 4. bekk að hausti og í 1. og 2. bekk að vori. Kannanir voru lagðar fyrir í gegnum kannanakerfið SurveyMonkey og var svörun 70% í 3. og 4. bekk en 74% í 1. og 2. bekk. Spurt var um ýmis atriði er varða nám og kennslu. Niðurstöður einstakra áfanga fá kennarar og stjórnendur til frekari úrvinnslu og umbóta t.d. í tengslum við starfsmannasamtöl.

Í skýrslunni má sjá mat nemenda á álagi í einstökum áföngum. Nemendur á fyrsta, öðru og þriðja námsári telja álag í stærðfræði meira en í öðrum greinum. Í öðrum og þriðja bekk telja yfir 90% álagið í stærðfræði mikið eða of mikið. Álag þykir einnig mikið í eðlis- og efnafræði. Það er vert umhugsunar hvort afstaða nemenda til álags hafi áhrif á val á námsbrautum en 70% nemenda útskrifast með félagsgreinar og tungumál sem sérsvið og 30% með raungreinar sem sérsvið.

Samanteknar niðurstöður úr öllum áföngum benda eindregið til þess að nemendur MA telji kennara sinna starfi sínu af alúð og fagmennsku. Yfir 80% nemenda segja kennslustundir vel skipulagðar og svipað hlutfall segist eiga auðvelt með að biðja um aðstoð kennara. Rúmlega 70% segjast vera hvattir til að taka þátt í umræðum eða spyrja spurninga. Í viðtölum sögðu bæði kennarar og nemendur að leitast væri við að veita þjálfun í tjáningu og framkomu. Um 75% nemenda segja kennara útskýra námsefnið vel. Meiri óvissa virðist í huga nemenda um það hvort námsmátið hvetji þá til að vinna jafnt og þétt yfir önnina. Um 60% eru þó á því en liðlega 25% eru óviss. Í viðtölunum kom fram að fjölbreytni námsmats hafi aukist og einnig umfang símats en bent var á að það kallaði stundum á mikið álag í tengslum við skyndipróf. Viðtöl við nemendur benda til þess að kennsluhættir og námsmat séu mjög fjölbreytt á tungumála- og félagsgreinasviði og jafnan leitast við að virkja nemendur á því sviði í kennslustundum. Á raungreinasviði virðist fjölbreytni kennsluhátta og námsmats minni og síður lögð áhersla á þátttöku nemenda í kennslustundum.

Í fyrrgreindri sjálfsmatsskýrslu er áhugaverð úttekt á þróun námsmats í skólanum. Þar er niðurstaðan að próflausum áföngum hefur fjölgað mikið og vægi lokaprófa hefur farið lækkandi. Fáir áfangar eru eftir í skólanum þar sem vægi lokaprófs er yfir 70%. Þá eru niðurstöður miðannarmats bornar saman við lokaekinnir með það í huga að bæta forspárgildi miðannarmats. Þróun í átt til aukins símats er til marksA um það þróunarstarf sem unnið hefur verið í skólanum á síðustu misserum við að endurskipuleggja námið og kennsluhætti.

Af samtölum við kennara, nemendur og annað starfsfólk verður ráðið að agi er almennt góður í kennslustundum. Upp koma þó tilvik þar sem erfitt er að tryggja vinnufrið í vissum bekkjum. Í samtölum við bæði kennara og nemendur var því sjónarmiði velt upp að í bekkjaskólum væri frekar en í áfangaskólum hætt við því að til yrðu hópar þar sem erfitt gæti reynst að tryggja vinnufrið. Í bekkjum eru sömu hóparnir mikið saman en uppbrot kennsluhópa hins vegar tíðari í áfangaskólum.

Kennarar og nemendur MA hafa aðgang að námsumsjónarkerfi (Moodle) þar sem helstu upplýsingar um skipulag náms í einstökum áföngum á að vera að finna. Eitthvað mun vera um að kennarar noti önnur kerfi í svipuðum tilgangi. Skólinn hefur ekki sett sér fastar verklagsreglur um notkun námsumsjónarkerfa. Nemendur töldu námsumsjónarkerfi mikilvægt hjálpartæki í námi, þau mætti nota meira og af öllum kennurum. Vert væri fyrir skólann að skerpa á verklagi við notkun námsumsjónarkerfis.

MA leitast við að kynna námið þannig að umsækjendum sé ljóst að þar fari fram krefjandi bóknám. Umfang sérhæfðs stuðnings við nemendur er því takmarkaður. Komið er til móts við nemendur sem eru með greiningu vegna sértækra námsörðugleika t.d. með stuðningi við próftöku. Ákveðið var að lengja þann tíma sem nemendur hafa til próftöku án þess að verkefni væru aukin sem því nemur. Nemendur sem skila greiningu vegna sértækra námsörðugleika fá aðstoð í skólanum sem skipulögð er af náms- og starfsráðgjöfum í samráði við umsjónarkennara nemenda. Skólinn hefur boðið upp á skimun fyrir athyglisbresti sem auðveldar nemendum að fá rétta greiningu. Þá hefur skólinn starfrækt áfanga í hugrænni atferlismeðferð (HAM) og núvitund fyrir nemendur.

Tölur frá skólanum benda til þess að mjög lítið sé um að kennsla í MA falli niður vegna forfalla kennara. Skólinn gerir þó fyrirvara um nákvæmni skráningar forfalla.

Húsakynni skólans standa nemendum opin fram á kvöld virka daga og að hluta til um helgar. Nemendur geta því komið í skólann og unnið heimanám og jafnframt unnið með og notið samvista við samnemendur. Nemendur meta þetta mikils og telja aðganginn skipta máli bæði fyrir félagslífið og námið. Fyrirkomulag þetta endurspeglar bæði traust og þá umhyggju sem MA ber fyrir nemendum sínum.

Styrkleikar

- Vel menntaðir kennarar og áhugasamt starfsfólk.
- Áhersla á nýbreytni og umbætur.
- Fjölbreytt námsmat og vinna því tengd.
- Virk leit að lausnum svo sem í tengslum við próftíma.
- Aðgengi nemenda að húsnæði skólans.

Tækifæri til umbóta

- Skýra verkferla við gerð kennsluáætlana til að auka gæði þeirra.
- Kanna leiðir til að fjölga nemendum í raungreinum.
- Bæta not námsumsjónarkerfis.
- Móta viðbrögð við truflun á vinnufriði í kennslustundum.
- Nýta niðurstöður áfangamats markvisst til að bæta kennslu.
- Gera skýra grein fyrir því hvernig unnið er með niðurstöður sjálfsmats.
- Auka þátttöku nemenda í áfangamati.
- Huga að mati á áhrifum styttingar námstíma á kennslu.
- Bæta skráningu á forföllum kennara.

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Í þriðja lið skólasýnar MA segir: „Skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og eflir trú þeirra á eigin getu.“ Margt er að finna í lýsingum á reglum og starfsháttum skólans sem styður þessa sýn. Skólinn á sér jafnréttisstefnu sem miðar að því að sjónarmiða jafnréttis sé gætt í stefnumótun og ákvörðunum. Í umhverfisstefnu er lögð áhersla á heilnæmt og snyrtilegt umhverfi skólans og að starfsemi hans og rekstur séu svo umhverfisvæn sem kostur er. Til er áætlun gegn einelti þar sem kveðið er á um að komi upp eineltismál skuli á þeim tekið og þau sett í farveg. Skólinn birtir á vef sínum móttökuáætlun fyrir nýbúa sem m.a. lýsir aðstoð skólans við nemendur með annað móðurmál en íslensku og því hvernig staðið er að móttöku nýbúa. MA skilgreinir undir hatti nemendaverndar ráðgjöf og verndun heilsu og hagsmuna nemenda. Nemendaverndin felst í náms- og starfsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, læknisþjónustu og störfum forvarna- og félagsmálafulltrúa. Umsjónarkennarar sem starfa undir umsjón náms- og starfsráðgjafa hafa m.a. það hlutverk að fylgjast með ástundun og gengi nemenda og veita þeim persónulegt aðhald og stuðning. Af framansögðu má ráða að MA hefur byggt trausta umgjörð um velferðarmál nemenda.

Spurningar sem lagðar eru fyrir nemendur samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans snúa flestar að náminu eða skólastarfinu með einum og öðrum hætti en þar er ekki spurt beint um líðan nemenda. Leitað er áhlits nemenda á skólastarfinu í verkefninu „Hlýtt á nemendur“ sem síðast fór fram í apríl 2016. Þar er þeim skipt í umræðuhópa sem tjá sig um ýmis efni er lúta að skólastarfinu, skipulagi náms og tengslum nemenda við skólann. Gæðaráð dregur saman niðurstöður umræðuhópanna og gerir umbótatilögur.

MA leggur ekki reglulega fyrir eigin kannanir á líðan nemenda í skólanum. Nemendurnir sem rætt var við bentu sumir á að mætingin gæti verið einn mælikvarði á líðan. Þar sem 90% mætingaskylda er í skólanum væri haft samband við nemendur sem ekki mættu vel og gæti það gefið vísbending um vanlíðan. Ef nemendur mættu vel en liði illa væri hugsanlegt að það kæmi upp í umsjónartímum á fyrsta ári en hjá eldri nemum væri ekki víst að það kæmi fram. Hins vegar tóku nemendur fram að aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum væri mjög gott og að þessir starfsmenn legðu sig fram um að vera sýnilegir. Náms- og starfsráðgjafar geta vísað nemendum áfram til sálfræðings sem starfað hefur við skólann frá upphafi skólaársins.

MA kaupir niðurstöður skólans úr rannsókninni „Ungt fólk“ sem fyrirtækið Rannsóknir og greining gerir. Þar er að finna mælingar á ýmsum þáttum í lífi ungmenna svo sem vímuefnanotkun, mataræði, svefn, líðan og viðhorfi til náms. Niðurstöður könnunar sem fram fór 2016 liggja fyrir. Í samantekt fyrir MA má bera

niðurstöður fyrir nemendur skólans við niðurstöður allra annarra framhaldsskólanemenda á landinu. Nemendur MA koma vel út í þeim samanburði.

Ítrekað var haft orð á því við matsmenn að skóladagurinn væri orðinn of langur eftir að hann var lengdur í kjölfar styttingar námstíma til stúdentsprófs. Bent var á ýmsa fleti á því. Sumir töldu þessa breytingu geta haft áhrif á þátttöku nemenda í félagsstarfi og að brotthvarf nemenda úr skipulögðu íþróttastarfi hafi aukist. Því var t.d. velt upp hvort skólinn þyrfti að stuðla frekar að hreyfingu á skólatíma í tengslum við breytt skipulag. Svigrúm til að fá sérstakan stuðning í námi á skólatíma er nú takmarkað að hluta til vegna þess að ekki hefur verið dregið úr heimanámi þrátt fyrir lengri skóladag. Einnig var rætt um kvíða nemenda sem vaxið hefur undanfarin ár og hugsanleg tengsl þess við lengri skóladag. Nemendur höfðu orð á því sérstaklega að nú væri þörf á að endurskoða hlé milli kennslustunda, þörf væri fyrir lengri hlé þegar skóladagurinn er langur. Full ástæða er fyrir skólann til að gefa gaum að þessu.

Það er álit matsmanna eftir samtöl við fulltrúa hinna ýmsu hópa sem tengjast skólasterfi MA að nemendum líði almennt vel í skólanum. Skólanum er mjög umhugað um velferð nemenda og árangur þeirra í námi. Samskipti við nemendur einkennast af tillitssemi og virðingu. Hlustað er á sjónarmið nemenda og tengsl við yfirstjórn eru góð t.d. í virku starfi skólaráðs.

Á forsiðu vefs MA má tengjast vefsvæði foreldrafélags skólans. Þar segir að félagið hafi með einum og öðrum hætti hvatt til samstarfs foreldra, skólayfirvalda og nemenda. Námsráðgjafi skólans situr fundi foreldrafélagsins sem án efa styður starf stjórnar félagsins og stuðlar að því að þekking á starfsemi þess færist milli manna þó skipt sé um stjórn. Vel eru þekktir erfiðleikar margra framhaldsskóla við að halda lífi í foreldrafélögum og má segja að MA hafi tekist þar betur upp en gengur og gerist.

Það er mat foreldra og nemenda sem rætt var við að vel sé tekið á móti nýnemum, skólinn kynni sig vel og markvisst sé stutt við nýnema, t.d. með nýnemaferð (skálaferð), aðgangi að þróttmiklu félagslífi og starfi svokallaðra vinabekkjja. Upplýsingagjöf til foreldra yfir skólaárið megi þó vera reglulegri og meiri frá skólanum en nemendafélagið stendur sig vel í upplýsingamiðlun. Foreldrafélagið og skólinn hafa unnið saman að velferðarmálum nemenda t.d. forvörnum í tenglum við skemmtanahald. Fram komu áhyggjur foreldra af lengdum skóladegi vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs. Könnun meðal foreldra ólögráða nemenda er hluti af matsáætlun MA. Í könnun sem gerð var vorið 2016 sést að helmingur foreldra segist fylgjast með foreldrafélaginu og 54% segjast hafa haft samband við kennara, ráðgjafa eða stjórnendur í MA. Það ber vitni um góða virkni foreldra þótt félagið mætti vissulega kynna betur með beinni upplýsingagjöf til foreldra t.d. á netinu.

Matsmenn spurðu nánast alla viðmælendur um félagslíf nemenda í MA. Samdóma álit var að félagslífið væri mjög öflugt, jafnvel frábært, og byggði á traustum grunni. Mikið svigrúm er til að stofna félög um hin ýmsu hugðarefni nemenda og er það óspart gert. Á vef Skólafélagsins Hugins má t.d. sjá lista yfir tugi sjálfsprottinna félaga sem setja sterkan svip á félagslíf nemenda í MA og almenna þátttöku í því. Nýnemar eru togaðir með eins og það var orðað í einum rýnihópnum til að undirstrika góða þátttöku. Stjórn skólafélagsins sagði að þátttaka í öllum viðburðum væri mjög góð og að nemendur á fyrsta ári væru áberandi duglegir að taka þátt þrátt fyrir langan skóladag og mikið álag. „Gott og öflugt félagslíf og margt að gera“ var sagt í einum hópnum. Ríkum hefðum er viðhaldið í skipulagi nemendafélagsins og er stjórn þannig alltaf skipuð nemendum úr fjórða bekk.

Almennt bar viðmælendum saman um að stjórnendur skólans veittu félagslífi nemenda góðan stuðning og að aðstaða til félagsstarfs í MA væri til fyrirmyndar. Langur opnunartími skólahúsnaðisins vegur þungt fyrir félagsstarfið en einnig kom fram að húsverðir skólans væru sérstaklega hjálplegir. Þannig virðast allir leggjast á eitt um að styðja við öflugt félagsstarf skólans.

Starfsmannastefna MA hefur m.a. að leiðarljósi samvinnu og sveigjanleika, vellíðan á vinnustað og að starfsmenn njóti hæfileika sinna og menntunar á lærdómsvinnustað. Samdóma álit starfsmanna var að MA væri góður vinnustaður, starfsmannahópurinn lifandi og frjór og samstaða mikil bæði innan og utan skólans. Margir kennaranna eru fyrrum nemendur í MA sem fær samhljóm við þá tryggð sem einkennir jákvætt samband nemenda við skólann.

Styrkleikar

- Öflugt félagslíf nemenda.
- Góður starfsandi.
- Nemendur upplifa umhyggju, virðingu og traust.
- Stuðningur og samstarf skólans við foreldrafélagið.

Tækifæri til umbóta

- Skoða lengd hléa milli kennslustunda.
- Fylgjast með líðan nemenda frá ýmsum hliðum.
- Leggja mat á áhrif styttingar námsins á líðan og hagi nemenda, m.a. með hliðsjón af álagi, lengd skóladags og þátttöku í tómstundum.
- Auka almenna virkni foreldra og tengsl þeirra við skólann.

Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Byggingarsaga Menntaskólans á Akureyri spannar langt tímabil og marga áfanga. Gamli skólinn sem setur sterkan svip á skólasvæðið var reistur árið 1904 fyrir gagnfræðaskólann og íþróttahúsið ári síðar. Heimavist var reist á árunum 1946-1956. Kennsluhús fyrir raungreinar, Möðruvellir, var tekið í notkun 1969 og árið 1996 nýtt kennsluhúsnæði, Hólar, með níu rúmgóðum kennslustofum, bókasafni og samkomusal. Vel hefur tekist til við að tengja saman þau ólíku hús sem hýsa kennsluna og aðra starfsemi sem henni tengist. Sumarið 2003 kom til sögunnar nýtt heimavistarhús fyrir nemendur úr báðum framhaldsskólunum á Akureyri, Menntaskólanum og Verkmenntaskólanum. Nýja heimavistin hýsir um það bil 300 nemendur í eins og tveggja manna herbergjum.

Húsin þrjú sem hýsa bóklegu kennsluna eru ólík en vel hefur tekist til við að tengja þau saman og má komast á milli þeirra innandyr. Óhagræði fylgir því hins vegar að kennslan dreifist óhjákvæmilega meira og fjarlægðir milli kennslusvæða meiri en ef kennsla færi öll fram í einu húsi. Þá hefur staðsetning sérgreina í sérstökum húsum gjarnan þann vanda í för með sér að tengsl milli kennara í ólíkum greinum verða minni. Af sömu ástæðum hefur MA orðið að koma vinnuaðstöðu kennara fyrir á nokkuð mörgum stöðum. Á það var dregið í viðtölum við starfsmenn að greina mætti ósýnilega múra milli kennara vegna þess hve dreifð vinnuaðstaða þeirra er og fámennir hópar vinni saman án þess að tengjast öðrum í daglegum störfum. Öllum kennurum er tryggð vinnuaðstaða þar sem þeir geta undirbúið kennslu og geymt sín gögn. Að frátöldum þeim galla sem dreifingin skapar verður hún að teljast fullnægjandi þó vissulega sé hún þröng á stöku stað svo sem á Hólum.

Þegar á heildina er litið er kennsluaðstaða í MA góð svo og tölvuþjónusta sem rekin er af sérstakri tölvudeild skólans í samstarfi við kerfisþjónustu Advania á Akureyri. Kennslustofur eru að sönnu ólíkar frá einni byggingu til annarrar en skólanum tekst vel að nýta styrkleika hvers svæðis. Áhugavert var að sjá hve salurinn í gamla skólanum myndaði viðeigandi umgjörð um slökunaræfingar sem þar voru iðkaðar, stórar stofur á Hólum eru nýttar með sveigjanlegum hætti og aðstaða til raungreinakennslu á Möðruvöllum er góð. Vel búið bóka- og gagnasafn er miðlægt í skólanum. Safnið tengist meginstraumi nemenda um skólahúsin og er mjög vel sýnilegt þar sem stórir gluggar eru á útveggjum. Á safninu er vinnuaðstaða fyrir um 80 nemendur og mun hún vera mikið notuð. Helst var á viðmælendum að heyra að þægindi í alrými fyrir nemendur þar sem unnt er að slaka á eða stunda heimanám, einn eða í smærri hópi, væri af skornum skammti.

Stórt og gott mötuneyti í heimavist er opið öllum nemendum auk þess sem sala léttari veitinga fer fram í salnum á Hólum. Sameiginleg kaffistofa starfsmanna og mötuneyti er hins vegar í litlu rými sé litið til fjölda þeirra sem starfa í MA en aðstaðan er hlýleg og smekklega innréttuð.

Umgengni um húsnæði MA er til fyrirmyndar. Innandyra ganga allir á inniskóm og aðstaða til skóskipta og geymslu fyrir nemendur er í aðalanddyri skólans. Þá er húsnæði mjög vistlegt og prýtt listaverkum í óvenju miklum mæli. Vissum svæðum í skólanum má með réttu líkja við listaverkasýningu. Vel hefur tekist til við að varðveita andblæ eldri tíma bæði í gamla skólahúsinu og íþróttahúsinu.

Styrkleikar

- Góð aðstaða til kennslu og náms.
- Góð tölvuþjónusta.
- Aðgengilegt og vel búið bókasafn.
- Aðlaðandi húsnæði prýtt fjölmörgum listaverkum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að tengslum kennara til mótvægis við dreifða vinnuaðstöðu.
- Auka þægindi nemenda í alrými.

Umfjöllun um lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Námið í MA miðast fyrst og fremst við undirbúning undir nám á háskólastigi. Skólinn fylgist með árangri nemenda sinna með því að sækja upplýsingar hjá háskólunum um gengi þeirra í námi þar. Ekki verður af þeim gögnum annað séð en að nemendur MA séu vel undir háskólanámið búnir. Skólinn hefur ekki nýlega gert sjálfstæðar kannanir á því meðal brautskráðra nemenda hvernig þeim nýtist námið þegar í háskóla er komið. Slíkar kannanir geta verið upplýsandi og því umhugsunarvert hvort ekki megi fella þær inn í sjálfsmatsáætlun skólans.

Eins og fram hefur komið er samstarf MA við grunnskólana á upptökusvæði skólans gott og þeir nemendur sem þangað sækja vel upplýstir um þær námskröfur sem skólinn gerir. Þrátt fyrir það telur skólinn sig glíma við of mikið brotthvarf nemenda. Yfirlit yfir brotthvarf í MA má sjá í töflu 6.

Tafla 6. Brotthvarf nemenda í MA vor og haust 2012–2016

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2012	0,80%	5,50%	3,20%
2013	1,30%	7,30%	4,30%
2014	1,60%	6,40%	4,10%
2015	2,50%	8,10%	5,30%
2016	2,50%	7,10%	4,80%

Brotthvarfið í MA er ekki hátt í samanburði við marga aðra framhaldsskóla. Hins vegar er brotthvarf að mörgu leyti erfiðara fyrir bekkjaskóla en áfangaskóla. Brotthvarf úr bekkjum verður ekki auðveldlega bætt með fjölgun innritaðra næsta skólaár. Hópurinn sem innritast í MA er umtalsvert fjölmennari (210-220) en sá sem brautskráist (150-160). Í viðauka skólasamnings MA við ráðuneytið 2015-2019 setur skólinn sé markmið um vinnu gegn brotthvarfi. Markmiðin eru í sex liðum og er mikilvægt fyrir skólann að vinna markvisst eftir þeim og leggja mat á árangurinn.

Tengsl MA við nærsamfélagið virðast góð. Samskipti við skólanefnd og foreldrafélag einkennast af gagnkvæmu trausti. Samskipti við grunnskólana eru skipuleg og styðjandi fyrir verðandi nemendur í MA. Hraðlína MA fyrir þá sem lokið hafa 9. bekk er gott dæmi um vel heppnað þróunarverkefni tveggja

skólastiga. Hins vegar er vert að huga betur að markvissara samstarfi kennara skólans við kennara í öðrum framhaldsskólum á svæðinu, m.a. í ljósi þess takmarkaða aðgangs sem kennarar hafa að endurmenntun. Þá kemur fram í ársskýrslu 2014-2015 að skólinn hafi átt í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri og Símenntunarstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) en engin verkefni hafi þó verið í gangi það skólaár. Styrkur getur verið af slíku samstarfi fyrir framhaldsskóla og þá rétt að hefja það til vegs á ný.

Nemendur MA taka þátt í ýmsum jákvæðum samfélagsverkefnum. Í náminu má velja áfanga sem byggja á samfélagsþjónustu svo sem liðveislu og tölvukennslu fyrir aldraða og liðveislu við íbúa á sambýlum. Í mars sl. efndi nemendafélagið til góðgerðarviku sem þótti takast vel og safnað var fé til styrktar geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri. Auk þess er löng hefð fyrir því að fjórðubekkingar aðstoði yngri nemendur í stærðfræði.

Nemendur í 4. bekk fóru til Reykjavíkur í byrjun mars 2017 og tóku þátt í Háskóladeginum en þá kynna háskólarnir sjö námsframboð sitt. Nemendur í MA hafa farið í slíka ferð frá árinu 2000. Í tenglum við ferðina fara nemendur jafnframt í starfskynningar. Nemendur hafa sjálfir veg og vanda af vali á stöðum til að heimsækja og samningum við þá. Þessar heimsóknir á vinnustaði þykja nemendunum mjög svo lærdómsríkar. Ferðin er því liður í myndun tengsla við bæði háskóla og samfélagið.

Eins og fram hefur komið hefur MA lagt mikla rækt við að virkja grunnþætti aðalnámskrár í skipulagi og framkvæmd kennslu og annars skólastarfs. Það einfaldar innleiðingu grunnþáttanna í MA að skólinn hefur um árabil unnið að sambærilegum markmiðum. Þverfaglegar áherslur og áfangar þar sem læsi í víðtækum skilningi er viðfangsefni eru á öllum námsbrautum. Nemendur er þjálfaðir í að tjá sig og fjölbreytni í kennsluháttum reynir á skapandi hugsun. Skólastarfið einkennist að lýðræðisvitund, ábyrgð nemenda á eigin velferð og heilbrigði er liður í náminu og skólinn hefur sett sér víðtæka umhverfisstefnu. Þótt erfitt sé að öðlast fullan skilning á svo flóknum og matskenndum þáttum af stuttri viðkyrningu er það álit matsmanna að MA hafi nálgast það verkefni með markvissum hætti.

Matsmenn telja sig ekki hafa nægilega góðar forsendur til að leggja mat á það hvort nemendur hafi tileinkað sér þá færni sem áhersla er lögð á með grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá framhaldsskóla (fullyrðingar 70-75). Hins vegar má ætla að sjálfsmat skólans á þessum þáttum gefi vísbendingar um stöðuna en hún hefur ekki verið könnuð með skipulögðum hætti.

Styrkleikar

- Gott samstarf við grunnskóla á svæðinu.
- Skipulegar náms- og starfskynningar í 4. bekk.
- Markviss vinna að grunnþáttum menntunar.

Tækifæri til umbóta

- Athugun á viðhorfum og gengi brautskráðra sett í matsáætlun.
- Greina brotthvarf og viðbrögð við því.
- Auka tengsl við aðra framhaldsskóla.
- Taka á ný upp samstarf við SÍMEY og HA.

Heimildir og tilvísanir

Inngangur og almennar upplýsingar

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskólans á Akureyri sem er ígildi skólanámskrár (ma.is).
- Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Ársskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Skólasamningur 2015-2019 ásamt viðauka, Menntaskólinn á Akureyri og mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans á Akureyri 2015-2019.

Matsþættir og rökstuðningur við niðurstöður

Stjórnun og skipulag

- Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Vefur Menntaskólans á Akureyri sem er ígildi skólanámskrár (ma.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Viðtöl við fulltrúa foreldraráðs og formann skólanefndar.
- Ársskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans á Akureyri 2015-2019.

Kennsla og námsframboð

- Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Vefur Menntaskólans á Akureyri sem er ígildi skólanámskrár (ma.is).
- Kennsluáætlanir.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Viðtöl við fulltrúa foreldraráðs og formann skólanefndar.
- Ársskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.

Samskipti og líðan

- Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Rannsóknir og greining: Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2016, unnið fyrir Menntaskólann á Akureyri.
- Vefur Menntaskólans á Akureyri sem er ígildi skólanámskrár (ma.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Viðtöl við fulltrúa foreldraráðs og formann skólanefndar.
- Ársskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.

Húsnæði og aðbúnaður

- Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Viðtal við formann skólanefndar.

Lykilárangur

- Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Ársskýrslur Menntaskólans á Akureyri 2015-2016 og 2014-2015.
- Viðtal við formann skólanefndar.